

# Lög

**um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.**

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fasteignaskrá stofnunarinnar“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.
- b. Í stað orðanna „fasteignaskrám stofnunarinnar“ í 2. másl. 10. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2000–2004. Skal gjald þetta nema 0,025%<sub>oo</sub> (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar árið 2000, en á árunum 2001–2004 skal gjaldið nema 0,1%<sub>oo</sub> (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 4. maí 2000.*